

Gunnar Einarsson

# BREYTT SKIPULAG KJARAMÁLA Á VEGUM SAMBANDSINS



# Yfirlit

- Samþykkt landsþings um kjaramál
- Hlutverk nefndar
- Núverandi fyrirkomulag kjaramála
- Viðsemjendur og umboð
- Tillögur nefndarinnar til stjórnar
- Hvers vegna að breyta?
- Vinnureglur til að auka skilvirkni
- Lagabreytingar
- Samantekt



# Samþykktir landsþings um kjaramál

- Samþykkt á landsþingum árin 2008 og 2009 að kanna kosti þess og galla að færa verkefni LN til stjórnar sambandsins.
- Stjórnin skipaði nefnd til verksins í apríl 2009:
  - Gunnar Einarsson
  - Soffía Lárusdóttir
  - Halla Margrét Tryggvadóttir
    - Inga Rún Ólafsdóttir, sviðstjóri kjarasviðs starfaði með nefndinni



# Hlutverk nefndarinnar

- Að kanna kosti þess og galla að færa verkefni Launanefndar sveitarfélaga til stjórnar sambandsins.
- Stefnumótunarhlutverk í kjaramálum verði hlutverk stjórnar sambandsins og starfsemi LN í núverandi mynd verði lögð af.
- Skipun kjaramálanefndar sem verði stjórninni til ráðgjafar í kjara- og starfsmannamálum, sbr. hlutverk skólamálanefndar sambandsins.
- Kjarasvið annist kjarasamningagerð og kalli til sérfræðinga frá sveitarfélögum sér til aðstoðar eftir atvikum.



# Núverandi fyrirkomulag kjaramála

- Launanefnd sveitarfélaga (LN) er kosin beinni kosningu á fyrsta landsþingi eftir sveitarstjórnarkosningar.
- Í reynd er hún jafnsett stjórn sambandsins.
- Fulltrúar í LN eru 9 og eru bæði kjörnir fulltrúar og embættismenn.



# Núverandi fyrirkomulag kjaramála

- Áður fyrr tóku allir fulltrúar í LN þátt í kjaraviðræðum.
- Mikil fjarvera LN-manna frá vinnustað vegna kjarasamningagerðar var óvinsæl.
- Samningsumhverfið hefur mikið breyst.
- Nú annast fagmenn kjarasamningsgerð.
- Kjarasvið sambandsins annast verkefnið og LN er stefnumótandi.



# Viðsemjendur og umboð

- Viðsemjendur LN eru 67.
- Fjöldi kjarasamninga LN er 40.
- LN er með umboð til samninga frá öllum sveitarfélögum en umboð Reykjavíkurborgar takmarkast við kennarafélögin og LSS.
- Umboð LN er fullnaðarumboð sem þarfnast ekki staðfestingar viðkomandi sveitarfélaga.
- Sveitarfélög greiða fyrir þjónustu kjarasviðs og LN m.v. fjölda stöðugilda.



# Tillögur nefndarinnar til stjórnar

- LN verði lögð niður og að það fullnaðarumboð til kjarasamningagerðar, sem sveitarfélög hafa falið henni, færist til stjórnar sambandsins.
- Kjarasvið hafi yfirumsjón með kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga gagnvart viðsemjendum sambandsins.





# Tillögur nefndarinnar til stjórnar

- Stjórn sambandsins skipi 5 manna kjaramálanefnd til ráðgjafar fyrir stjórn og starfsmenn kjarasviðs. Nefndin verði skipuð sérfræðingum sveitarfélaganna í kjara- og starfsmannamálum og a.m.k. einum fulltrúa úr stjórn sambandsins.
- Skipaðar verði samninganefndir gagnvart hverjum og einum samningsaðila.
- Kjarasamningar verði undirritaðir með fyrirvara um samþykki stjórnar sambandsins.



# Tillögur nefndarinnar til stjórnar

- Stjórn setji markmið og stefnu sambandsins í kjaramálum.
- Kjarasvið, í samráði við kjaramálanefnd, undirbúi markmiðasetningu og stefnu stjórnar sambandsins í kjaramálum og leggi tillögur fyrir stjórnina til endanlegrar afgreiðslu.
- Sviðsstjóri kjarasviðs og framkvæmdastjóri sambandsins beri ábyrgð á að markmiðum og stefnu stjórnar sambandsins í kjarasamningagerð sé fylgt.



# Hvers vegna að breyta?

- LN og stjórn sambandsins ekki alltaf samstíga.
- Tvöföld umfjöllun um mál þegar kjaradeilur standa yfir og við stefnumörkunarvinnu.
- LN hefur að vissu leyti dagað uppi sem óþarfa milliliður í ljósi þróunarinnar.
- Fagmenn sjá um kjarasamningagerð á skilvirkan hátt.
- Um 4,0 m.kr. sparnaður á ári að meðaltali.
- Stjórn sambandsins á að bera ábyrgð á stefnumörkun sveitarfélaga á landsvísu.



# Vinnureglur til að auka skilvirkni

- Óþarfi að taka kjaramálin of oft inn á borð stjórnar þegar skýr stefna í kjaramálum liggur fyrir.
- Sviðsstjóri kjarasviðs og framkvæmdastjóri sambandsins fá umboð til að ganga frá ýmsum málum, s.s. samninganefndum og staðfestingu samninga sem eru í samræmi við stefnu.



# Lagabreytingar

- Núverandi ákvæði um LN falla brott.
- Inn í 2. gr. samþykktu bætist eftirfarandi um hlutverk sambandsins:
  - Að þjóna sveitarfélögum á sviði vinnumarkaðsmála, annast kjarasamningsgerð og hafa fyrirvar í kjaramálum fyrir þau sveitarfélög sem veita umboð sitt til þess og hafa frumkvæði að rannsóknum og upplýsingagjöf til sveitarfélaga um kjaramál.



# Samantekt

- Landsþing 2008 fól stjórn sambandsins að kanna kosti og galla að færa verkefni Launanefndar sveitarfélaga til stjórnar sambandsins.
- Lagt er til að Launanefnd sveitarfélaga(LN) verði lögð niður og að umboð LN til kjarasamningsgerðar færist til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Um eðlilega breytingu að ræða með tilliti til ábyrgðar, skilvirkni og þróunar kjarasamningsgerðar.

